

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 10. júní 2021: Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um fyrirkomulag fjölmeningarviðburðar 2021

Lagt er til að fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að hefja undirbúning vegna viðburðar í anda fjölmeningarþings/fjölmeningardags sem verði haldinn haustið eða veturinn 2021 í samræmi við gildandi sóttvarnareglur. Vinnan verði unnin í samstarfi við fulltrúa mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs og fulltrúa fjölmeningarráðs í vinnuhópi eftir nánari útfærslu mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skal mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð og fjölmeningarráð vera upplýst um framvindu málsins. Vinnuþema viðburðarins verði upplýsingagjöf til innflytjenda og hvernig er best hægt að tryggja aðgengi að henni enda mikil framþróun hvað þetta varðar í gangi bæði hjá Reykjavíkurborg og ríki. Viðburður skuli undirstrika að borgarsamfélagið byggi á inngildingu allra (e. inclusion), frekar en einhliða aðlögun. Skal unnið að viðburðinum í samtali við aðila ríkis og borgar sem sinna þjónustu og upplýsingagjöf til innflytjenda sem og við grasrótarsamtök á þeirra forsendum.

Greinagerð:

Reykjavíkurborg hefur komið að því að halda fjölmeningardag síðan árið 2009. Viðburðurinn hefur verið haldinn í Ráðhúsi, Iðnó, Tjarnarbíói og Hörpu. Gestir á hátíðinni voru fyrstu árin um 5.000 en síðustu ár hafa þeir verið um 15.000 manns. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa (áður mannréttindaskrifstofa) hefur hingað til borið ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd Fjölmeningardagsins í samvinnu við grasrótarsamtök innflytjenda í borginni.

Þátttakendur á fjölmeningarþingi 2017 voru spurðir í stuttri könnun hvort þeir teldu þáverandi fyrirkomulag fjölmeningardagsins endurspeglar nægjanlega vel áhrif og þátttöku innflytjenda í samfélaginu. Af þeim 25 af 53 sem svöruðu eða 47% töldu fjölmeningardaginn ekki vera að ná tilætludum markmiðum í núverandi mynd eða töldu sig ekki vita hvort svo væri. Þá töldu 40 af 53 eða 75% ástæðu til að beina frekar kröftum og fjármagni í að styðja við þátttöku innflytjenda í öðrum viðburðum og hátíðum borgarinnar.

Í september árið 2017 var eftirfarandi tillaga samþykkt í mannréttindaráði (nú mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði): „Mannréttindaskrifstofa óskar eftir að undirbúningur að Fjölmeningardegi Reykjavíkurborgar verði færður frá mannréttindaskrifstofu til höfuðborgarstofu. Viðburðurinn verði framvegis unninn á höfuðborgarstofu í samstarfi við mannréttindaskrifstofu. Mögulegt væri að viðburðir Fjölmeningadags Reykjavíkurborgar yrðu haldnir samhliða öðrum viðburðum Reykjavíkurborgar til að mynda Menningarnótt, 17. júní, Hönnunarmars og/eða öðrum viðburðum borgarinnar. Kostnaður vegna viðburðarins hefur verið 1.500.000 og hefur verið greiddur af mannréttindaskrifstofu.” Gekk það ekki eftir.

Á fundi mannréttindaráðs (nú mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs) þann 13. mars 2018 var eftirfarandi tillaga samþykkt: „Mannréttindaráð samþykkir að fjölmeningardagur Reykjavíkur verði haldinn ágúst/september ár hvert í stað viðburðar í maí. Nýju mannréttindaráði og fjölmeningarráði falið að útfæra hugmyndir að viðburðinum.”

Á núverandi kjörtímabili hefur á vettvangi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs staðið yfir umfjöllun um fyrirkomulag fjölmeningardags til framtíðar í samráði við fjölmeningarráð og í samræmi við fyrri samþykktir mannréttindaráðs og niðurstöður könnunar á fjölmeningarþingi 2017 um þáverandi fyrirkomulag fjölmeningardagsins. Fór fram umfjöllun um að halda í staðinn viðburð eða hátíð í anda En by for alle sem haldin hefur

verið í Kristiansand í Noregi undanfarin ár þar sem ein vika hefur verið helguð inngildingum allra hvert ár með ýmiskonar viðburðum. Fóru fram samtöl við menningar- og ferðamálasvið um mögulega aðkomu þeirra að slíkum viðburði enda sviðið reynt í hátíðarhöldum. Það samtal leiddi ekki til skýrrar niðurstöðu í þá veru.

Þegar Covid-19 skall á var þessi vinna sett til hliðar en nú á vormánuðum ákvað formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs að draga vinnuna aftur fram. Fól formaður þá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að bera erindið upp við fjölmeningarráð sem myndi eiga umræðu sín á milli um hverskonar fyrirkomulag fjölmeningarráð sjái fyrir sér. Í kjölfarið kom formaður fjölmeningarráðs á fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs í apríl 2021 og sagði frá umræðu innan fjölmeningarráðs. Þessi tillaga rammur inn þá afstöðu fjölmeningarráðs sem formaður fjölmeningarráðs kynnti á fundinum.